



## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2025 – 2026

Fundarstjóri kærur félagar.

Starfsárið byrjaði nokkuð vel með verkefni sem hafði töluverðan aðdraganda og leit dagsins ljós í júní 2025. Félagið undirritaði samstarfssamning um verkefnið „í góðu lagi“ milli Sölufélags garðyrkjumanna og Bárunnar, stéttarfélags og svo fyrirtækjanna Friðheima, Gróðrarstöðina Ártanga og síðar Gufuhlíð. Framsýn á Húsavík tók einnig þátt í þessu verkefni með okkur og er þegar komið fyrirtækið Hveravellir sem hlotið hefur vottunina „í góðu lagi“. Þessi athöfn fór fram í Friðheimum og vil ég færa þessum aðilum sem ýttu þessu úr vör bestu þakkir. Það eru þeir Þór Hreinsson skrifstofustjóri Bárunnar, stéttarfélags, Örn Bragi Tryggvason varaformaður og þau Knútur Rafn og Helena frá Friðheimum.

Fyrir margt löngu fórum við í vinnu með nokkrum aðilum með þá hugmynd að reisa sameiginlegt vinnumarkaðs og fræðsluhús hér í okkar umhverfi. Haldnir hafa verið nokkrir fundir og fólk mjög áhugasamt um verkefnið. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp bæði hvað varðar staðsetningu og hverjir væru þá aðilar að þessu verkefni. Núna höfum við sett verkefnið á bið vegna ágreinings um byggingarréttinn á Austurvegi 56 þar sem skrifstofan er. Málið hefur verið rekið af lögfræðing félagsins Leif Gunnarssyni og niðurstöðu er að vænta fljótlega. Vonandi verður þá framhald á þessu verkefni. Húsnæði félagsins er farið að þrengja verulega að okkur.

Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna tóku þátt í eftirlitsátaki með fólksflutningum og leiðsögn í ferðaþjónustu í samvinnu við skattinn, lögreglu og Vinnueftirlitið. Bárán, stéttarfélag var eitt af þessum félögum. Rætt var við 404 launamenn og verktaka. Eftirlitsfulltrúar höfðu snertingu við 325 fyrirtæki þar af voru 42 erlend.

Helstu niðurstöður eru að það er mikið um verktöku og endurgjald mjög lágt. Regluverk flókið og erfitt að hafa eftirlit með greininni. Svokölluðu fararstjórar sem ekki hafa atvinnuréttindi hér á landi sinni í raun starfi leiðsögumanna. 68% sögðust vera í stéttarfélagi, 21% sögðust ekki vera í stéttarfélagi og 11% vildu ekki svara. Mikilvægi vinnustaðaeftirlitsins hefur svo sannarlega sannað sig. Við förum út að lágmarki einu sinni í viku og erum í góðri samvinnu við Verkalýðsfélag Suðurlands, VR og aðra eftirlitsfulltrúa stéttarfélaganna.

Tveir starfsmenn félagsins Þór og María fóru í ferð eftirlitsfulltrúa ASÍ til Finnlands sem farin var í október sl. Þeirra mat er að fræðslan hefði verið mjög vel heppnuð og mikið af gagnlegum upplýsingum komið fram. Ef borið er saman eftirlitskerfið í Finnlandi og á Íslandi eru þau að mörgu leyti sambærileg að undanskilinni sérstöðu Íslands sem felst í því að verkalýðshreyfingin hefur eftirlitsheimildir. Finnska kerfið byggir jafnframt á meiri sérhæfingu og nánara samstarfi milli stofnana, sérstaklega í mansals- og misneytingarmálum sem unnin eru með samþættri nálgun, þar sem lögð er áhersla á velferð einstaklinga og skilvirkt samspil lögreglu, eftirlits og félagslegra úrræða.

Í október fengum við í heimsókn 23 einstaklinga frá 7 háskólum á Norðurlöndunum og Kanada. Þetta var verkefni sem skipulagt var af þemaneti Háskóla Norðurlóða og styrkt af Norræna Ráðherraráðinu. Vildu þeir fá okkar innlegg um hvernig staðan væri varðandi starfsmannamál í ferðapjónustu á Íslandi. Fram kom í þeirra máli að stéttarfélagsaðild væri hnignandi á Norðurlöndunum. Ísland hefur sérstöðu hvað þetta varðar því félagsaðild hefur hingað til verið 80-90%.

Kvennaárið setti sinn svip á starfsemi félagsins á starfsárinu, við vorum með viðburði 19. júní og 24. október á þessu starfsári. Konur og kvár voru hvött til þess að leggja niður launuð störf þann 24. október 2025 eins og konur gerðu 1975. Í samvinnu við FOSS lögðum við til rútu og forum til Reykjavíkur. Þegar komið var til baka buðum við konum í smá móttöku hér á Selfossi. Þetta tókst í alla staði vel og vil ég færa FOSS þakkir fyrir góða samvinnu og gott samstarf.

Tíunda þing Starfsgreinasambands Íslands var haldið dagana 8.–10. október sl. Þingið var vel sótt og gaf góða innsýn í starfsemi sambandsins, áherslur

Þess og þau málefni sem eru efst á baugi innan verkalýðshreyfingarinnar eins og húsnæðismál, stöðu landsbyggðarinnar, lífeyrismál og kjaramál.

Í ályktunum var lögð áhersla á að bæta aðgengi ungs og tekjulágs fólks að húsnæði, styrkja stöðu landsbyggðarinnar og tryggja jafnræði í þjónustu, leiðréttu misrétti í lífeyrismálum verkafólks og kalla eftir ábyrgð allra aðila á efnahagslegum forsendum kjarasamninga.

Sýn fulltrúa Bárunnar, stéttarfélags á þinginu var að veikleiki var í framkvæmd þingsins - sérstaklega hvað varðar umræðu um ályktanir þingfulltrúa. Þrátt fyrir að fjallað væri um stór og mikilvæg mál skorti á dýpri og gagnrýnni umræðu.

Á köflum bar umræðan með sér gamaldags vinnubrögð og viðhorf. Heildarhagsmunir launafólks virtust að einhverju leyti mótast af fáum og fyrirferðarmiklum aðilum á meðan breiðari sjónarmið fengu minna rými. Heildarmyndin er sú að starfsemin ber merki um lokaðan hóp þar sem vald og áhrif safnast á fárra hendur. Upplifunin er að einhverju leyti eins og um karlklúbb sé að ræða þar sem konur eru til staðar en hafa síður sýnilegt vægi í umræðu og áhrifum og er tilfinningin sú að þær séu sáttar við þetta svona eða þori ekki að láta ljós sitt skína af ótta við að missa stöðu sína.

Það þarf að opna umræðuna fyrir fleiri röddum og skapa raunverulegt rými fyrir gagnrýna umræðu. Einnig er þörf á sterkari forystu sem nær að sameina hópinn, virkja breiðari þátttöku og byggja upp trúverðuga og nútímalega hreyfingu sem endurspeglar allan hóp launafólks og ættu öll félögin að vinna að því markmiði.

Stjórn sendi seinni partinn í haust stjórn Verkalýðsfélags Suðurlands erindi um hvort félögin eigi að fara í könnunarviðræður um hvort flötur væri fyrir sameiningu félaganna. Verkalýðsfélag Suðurlands þakkar sýndan áhuga. Félagið er í stefnumótunarvinnu sem er ennþá í úrvinnslu og ekki hefur verið tekin ákvörðun um málið sem er hins vegar opið og verður áfram til skoðunar hjá félaginu.

Haldinn var jólafundur og páskafundur fyrir trúnaðarmenn. Jólafundurinn var hefðbundinn með fræðslu, samtali og góðum mat. Páskafundurinn var með öðru sniði. Að þessu sinni var ákveðið að heimsækja fyrirtæki á félagssvæðinu og nýjustu orlofshúsin skoðuð. Byrjað var í Flúðasveppum, farið yfir starfsemina þar og snæddur hádegisverður. Sveppasúpa og meðlæti af bestu gerð. Síðan lá leið í Friðheima þar sem Helena tók á mótí okkur og fór yfir þessa miklu og flottu uppbyggingu á því fyrirtæki. Ferðin endaði í orlofshúsi félagsins á Þórisstöðum. Góður rómur var gerður að

Þessari ferð og þökkum við fyrir samveruna og þeim sem tóku á móti okkur. Trúnaðarmenn félagsins eru orðnir 43 og hafa aldrei verið fleiri og er góður hópur þar á ferð.

Stjórn og starfsmenn fóru í stefnumótunarvinnu á Stracta í janúar. Flest mál er varða starfsemi félagsins voru rædd þar og nú liggur fyrir skýrsla sem verður okkar vegvísir í starfi félagsins.

Starfsmenn og formaður fóru einnig í samvinnu við 6 önnur stéttarfélög á Hótel Hamar þar sem farið var yfir ýmis praktísk mál varðandi starfsemi félaganna, hvar væri hægt að koma á samvinnu, samstarfi og samnýtingu hvernig starfsmenn gætu leitað til hvers annars á ólíkum svæðum. Það koma ýmsar hugmyndir og höfum þegar styrkt samvinnu þessara félaga.

Báran, stéttarfélag og Þjónustuskrifstofa stéttarfélaganna voru eitt af 12 fyrirtækjum sem hlutu viðurkenningu VIRKt fyrirtæki 2026. Framlag okkar skiptir sköðum og að við sýnum samfélagslega ábyrgð í verki með því að bjóða einstaklingum í atvinnutengingu tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum á vinnumarkaði.

Maí var haldinn hátíðlegur með miklum myndarbrag. Fjölmenni var í kröfugöngunni, þar sem lögregla, lúðrasveit og hestamenn voru í fararbroddi. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir framkvæmdastjóri BSRB hélt ræðu og Elena Gunnlaugsdóttir fyrir hönd Menntaskólans á Laugarvatni. Tónlistaratriði Tónsmíðju Suðurlands og leikhópurinn Lotta. Góður rómur var gerður að dagskránni.

Núna í maí voru haldnir fræðsludagar starfsfólks SGS á Selfossi. Boðið var í móttöku hér hjá Bárunni og farið var yfir starfsemi félaganna. Ýmsar hugmyndir litu dagsins ljós og starfsmenn báru saman bækur sínar. Nauðsynlegt er að starfsmenn hittist og myndi traust og samvinnu milli félaga.

Stöðug réttindagæsla er hjá félaginu.

Mál sem send voru í innheimtu til lögmanns félagsins fjölgaði verulega á síðasta ári.

Á árinu 2025 voru gerðar launakröfur að fjárhæð alls 53.370.000 kr. Um er að ræða félagsmenn frá átta þjóðum; flestar kröfur voru fyrir hönd Íslendinga, en

næstflestar fyrir einstaklinga frá Rúmeníu og Úkraínu. Alls voru sendar 9 kröfur vegna gjaldþrota fyrirtækja.

Á árinu var stefnt fyrir dóm málum 13 einstaklinga, og hafa aldrei áður jafn mörg mál verið rekin fyrir dómstólum á vegum félagsins. Málin vörðuðu m.a. réttindi samkvæmt bifreiðastjórakafla og byggingarkafila aðalkjarasamnings, sérkjarasamningi við sjálfseignarstofnun, kjarasamningi við Bændasamtök Íslands sem og samningi á sviði ferðaþjónustu.

### Sjóðir og rekstur

Heildariðgjöld vegna ársins 2025 voru 492 milljónir í samanbórið við 447 milljónir vegna ársins 2024 og er það rúmlega 10 % hækkun. Afkoma félagsins er jákvæð um rúmlega 118 milljónir samanbórið við 90 milljónir vegna ársins 2024. Eignir félagsins eru orðnar 1.243.499 milljarður sambórið við 1.105.099 milljarður vegna ársins 2024.

Heildarfjöldi styrkja úr sjúkrasjóði er 2.465. Sjúkrasjóður greiddi á árinu 2025 út sjúkradagpeninga 123.319 milljónir. Vegna ársins 2024 voru greiddar 149 milljónir í sjúkradagpeninga. Heldur hefur dregið úr greiðslum og er sjúkrasjóður núna réttu megin við og aðeins er afgangur af rekstri eða um 6.500 milljón. Sjúkra og forvarnarstyrkir eru vegna ársins 2025 45 milljónir á móti tæplega 42 milljónum vegna ársins 2024. Flestir sækja um heilsurækt, tannlækni, sjúkraþjálfun og sálfræðingur. Samræmist það vel stefnu stjórnar að gera vel í forvarnarstyrkjum. Leigutekjur af íbúð sjúkrasjóðs 2025 að Sóltúni 28 voru 1.374.000 en voru 1.330.000 vegna ársins 2024.

Aðsókn í orlofshús félagsins er alltaf töluverð. Helgarleigan hefur verið svipuð og fyrri ár. Nánast allar helgar á liðnu starfsári hafa verið uppbókaðar hvort heldur er á Akureyri, Reykjavík, Grímsnesi eða Flúðum. Ákveðið var að skipta um tvö hús í Hrunamannahreppi Þverlæg 4 og 6 núna í sumar við Einingu lóðu um hús á Einarsstöðum fyrir austan og Verkalýðsfélag Snæfellinga í Stykkishólmi. Og Umsóknir um orlofshús félagsins sumarið 2026 voru 77 á móti 43 árið 2025. Það eru ekki margar umsóknir miðað við fjölda félagsmanna. Þetta leigist allt saman og fá færri en vilja. Íbúð sjúkrasjóðs í Reykjavík og íbúð orlofssjóðs í Reykjavík fara aldrei í úthlutun, þar er fyrstur kemur fyrstur fær. Nú hefur orðið breyting á leigutímabilum þannig að leiga er annað hvort frá fimmtudegi til mánudags,

eða frá mánudegi til fimmtudags eða heil vika. Leigutekjur vegna orlofshúsa hafa aukist milli ára vegna Þórisstaða I og II. Leigutekjur ársins 2025 eru tæplega 12 milljónir á móti tæpum 7 milljónum 2024. Afkoma orlofssjóðs er 25 milljónir 2025 á móti 28 milljónum vegna ársins 2024.

Útilegukortin eru áfram niðurgreidd myndarlega og kosta félagsmanninn kr. 10.000. Veiðikortið er á kr. 5.000. Icelandair flugmiðar eru inn á vefnum og eru mjög vinsælir. Þeir sem hafa látið af störfum njóta einnig niðurgreiðslu. Ýmsir afslættir eru inn á orlofvefnum og verður ferðaávísunin áfram, þar sem er möguleiki fyrir félagsmenn að kaupa ferðaávísun með fyrir fram ákveðnum upphæðum. Hægt verður að nýta ferðaávísunina hjá þeim samstarfsaðilum sem næst að semja við um afslætti fyrir félagsmenn. Endilega kynnið ykkur þetta inn á innri vef félagsins.

Á árinu voru greiddar 41.500 milljónir til 556 einstaklinga í styrki úr starfsmenntasjóðum félagsins sem eru Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Að auki voru félagsmenn styrktir í beint gegnum atvinnurekendur. Styrkirnir dreifast á fjölbreytt nám en enn þá eru flestir í háskólanám. Það er töluverður kynjahalli í þessu, því konur eru með rúmlega 60% á móti tæplega 40% karlar nýta styrkina. Nám verður alltaf aðgengilegra og alltaf verið að færa nám nær fólki. Vil ég hvetja ykkur og fleiri til þess að fara inn á heimasíður fræðslusjóðanna og kynna ykkur hvað er í boði.

Afkoma vinnudeilusjóðs er 4.927 milljónir á móti tæpum 9 milljónum 2024.

Samþykkt atvinnuleyfi voru 9

Á linu ári styrkti Báran, Sjóðinn góða sem er Styrktar og velferðarsjóður í Árnessýslu. Styrkurinn var kr. 1.200.000.

Greiðandi félagsmenn 2025 voru 4.624 og gjaldfrjálsir. Haldnir hafa verið 9 stjórnarfundir.

Þessi fjölgun félagsmanna kallar á skilvirkari og betri þjónustu. Þróunin hefur verið að hægt er að sækja um allt á heimasíðu félagsins. Snerting félagsmanna við félagið eru um 2.500 á mánuði í einhver konar formi.

Starfsfólk og þakkir

SMS er samheiti á samstarfi minni stéttarféлага. Það eru sjö stéttarfélög sem standa að þessu samstarfi sem hófst formlega í ágúst 2021. Verkefni eru margþætt og meginmarkmiðið er fagleg vinnubrögð og betri kjör fyrir félagsmenn. Fjóla Pétursdóttir lögfræðingur er í 60% starfi hjá þessum félögum og samnýtum við alla þá þætti sem við getum varðandi verklagsreglur, kjarakannanir, fræðslu, orlofskosti, kjaramál og túlkun kjarasamninga og fleira sem kemur upp hverju sinni. Ánægjulegt og gott samstarf sem styrkir og samstillir félögin

Báran, stéttarfélag, VR og Félag lön-og tæknigreina reka í sameiningu Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna að Austurvegi 56 hér á Selfossi. Starfsmaður ÞSS eru Renata Zawistowska. Móttökustarfið var lagt niður og í staðinn skrái félagsmenn sig inn rafrænt.

Einnig er í okkar húsnæði, Festa lífeyrissjóður, og Virk starfsendurhæfing. Eins og fram hefur komið erum við enn að skoða vinnumarkaðshús með mörgum aðilum en engin ákvörðun hefur verið tekin enn þá.

Starfsmenn Bárunnar, stéttarfélags í dag eru Þór Hreinsson Marta Kuc, Ragnheiður H. Skúladóttir, María de Araceli Quintana og Halldóra S. Sveinsdóttir. Fjóla Pétursdóttir lögfræðingur og Leifur Gunnarsson lögmaður hjá LMG eru einnig að þjónusta félagið. Við erum svo lánsöm að hafa frábært, öflugt og þjónustulípt starfsfólk sem ég vil færa bestur þakkir, því þetta er ómetanlegt. Eins og áður höfum við verið að innleiða ýmsar tæknibreytingar eins og rafræna móttöku, gervigreind og nýtt símakerfi sem sparar kostnað.

Kæru félagar,

Verkalýðshreyfingin stendur nú frammi fyrir flóknum og hraðbreytilegum áskorunum sem snúa bæði að hefðbundnum kjarasamningum og nýjum veruleika vinnumarkaðarins. Í grunninn snýst hlutverk hennar áfram um að tryggja launafólki mannsæmandi kjör, réttindi og öryggi, líkt og kjarasamningar kveða á um um laun, vinnutíma og félagsleg réttindi.

Gervigreind og sjálfvirknivæðing eru farin að hafa áhrif á störf, bæði með því að breyta innihaldi þeirra og í sumum tilvikum fækka þeim. Þetta kallar

á nýja nálgun í kjarasamningum þar sem ekki er aðeins samið um laun heldur einnig um símenntun, starfsþróun og aðlögun starfsfólks að nýrri tækni.

Þá hefur vinnumarkaðurinn sjálfur tekið breytingum. Óhefðbundin ráðningarform, aukin verktakavinna og alþjóðavæðing vinnuafls gera það erfiðara að tryggja jafnræði og eftirlit með réttindum. Verkalýðshreyfingin þarf því að þróa leiðir til að ná til breiðari hóps starfsfólks og tryggja að réttindi haldi gildi sínu óháð ráðningarformi.

Framtíðarvinnumarkaðurinn mun líklega einkennast af meiri sveigjanleika, tæknivæðingu og kröfum um sérhæfingu. Á sama tíma mun þörfin fyrir félagslega vernd, öryggi og réttláta skiptingu verðmæta ekki minnka – heldur frekar aukast. Þar liggur lykilhlutverk verkalýðshreyfingarinnar: að vera áfram sameiginlegt afl launafólks sem mótar leikreglur framtíðarinnar, ekki aðeins bregst við þeim.

Ég vil færa, stjórn, trúnaðarmönnum og öllum þeim sem lagt hafa félaginu lið bestu þakkir fyrir gott samstarf án þeirra væri þetta félag ekki það sem það er í dag.

Að lokum vil ég þakka áheyrnina og hvet okkur til að eiga góðan aðalfund saman.

Styrkur okkar er velferð allra.

Takk fyrir